Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
1. júlí 2010
26. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!
Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!
Faktorshúsið
Hæstakaupstað

Mátti ekkert vera að því að fara í kokkaskóla

Magnús Hauksson rekur ásamt Ragnheiði Halldórsdóttur konu sinni veitingastaðinn í Tjöruhúsinu á Ísafirði. Hróður fiskréttanna sem Magnús kokkar þar hefur borist víða um lönd. Samt hefur hann meiri formlega skólagöngu að baki í lögfræði og sálfræði en kokkaríi, því að hún er alls engin. Sjá viðtal í miðopnu.

Sparisjóður Bolungarvíkur fær ríkisaðstoð

Sparisjóður Bolungarvíkur.

Sparisjóður Bolungarvíkur fær ríkisaðstoð en Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur ákveðið að heimila aðstoð til smærri sparisjóða á Íslandi. Gildir heimildin í sex mánuði. Auk Sparisjóðs Bolungarvíkur njóta góðs af þessari aðstoð Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Þórshafnar. Íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að leggja fyrir ESA áætlun um endurskipulagningu sérhvers þessara sparisjóða eigi síðar en 21. desember 2010. ESA hefur nú samþykkt endurfjármögnun sem miðar að því að gera sparisjóðunum kleift að halda áfram starfsemi á fjármálamarkaði.

Ráðstafanirnar fela í sér uppgjör á opinberum kröfum á hendur sparisjóðanna, en Seðlabanki Íslands eignaðist þessar kröfur vegna þrots Sparisjóðabanka Íslands hf. Verður kröfum þessum, sem nema alls 8.293 milljónum íslenskra króna (50 milljónum evra), að hluta breytt í eigið fé og/eða víkjandi lán. Þá eru kröfur að hluta færðar niður. Er fallist á að þar sé um að ræða óhjákvæmilegan þátt í heildarráðstöfunum til þess að mæta kröfum um eiginfjárhlutfall í samræmi við lágmarkskröfur Fjármálaeftirlitsins. Loks er hluta krafna breytt í almenn lán til fimm ára með vöxtum sem taka mið af aðstæðum.

thelma@bb.is

Halldóra Björk Norðdahl ásamt börnum með Dórukots-húfur. Þær seljast enn vel þrátt fyrir að farið sé að hlýna.

Saumar og saumar alla daga vikunnar

„Salan á húfunum róaðist aðeins með vorinu en svo fórum við að hanna fleiri vörur sem gætu haldið uppi sölunni í sumar. Það hefur bara tekist vel til," segir Halldóra Björk Norðdahl, dagmóðir og hugmyndasmiður á bak við Dórukotshúfurnar vinsælu. Mikið hefur bætt í síðan húfurnar slógu í gegn í byrjun árs og nú er Halldóra farin að sauma allskyns fatnað og hlífar bæði fyrir börn og fullorðna.

„Ég sauma enn 7-8 tíma dag alla daga vikunnar. Við áttum von á því að sumarið væri alveg dauður tími í þessu en meira að segja salan á húfunum hefur komið okkur á óvart í sumar," segir Halldóra, en Dórukot byrjaði að hanna hlífar utan yfir vettlinga í stíl við húfurnar góðu og segir Halldóra viðbrögðin hafa verið mjög góð. „Það voru margir búnir að biðja um eitthvað slíkt. Við höfum verið að selja þetta bæði með húfunum í pakkatilboði og auðvitað í stöku líka," segir Halldóra.

Dórukot lætur ekki þar við sitja. Meðal þess sem nú fæst hjá Dórukoti eru hefðbundnir ermasmekkir á börn og kerrusvuntur, sem Halldóra segir að slegið hafi í gegn og verið gríðarlega vinsælar í sumar, enda séu margar tegundir kerra sem ekki fást svuntur á.

Að undanförnu hefur Dórukot verið að snúa sér í auknum mæli að þörfum fullorðinna og framleiðir nú einnig sætishlífar á bílsæti og reiðhjólahnakka sem seldir eru í Hafnarbúðinni á Ísafirði. Halldóra segir að næsta skref sé að kynna vörur Dórukots fyrir verslunum til endursölu. Dórukot hefur slegið í gegn á samskiptavefnum Facebook en vinir þess á vefnum skipta nú þúsundum.

kristjan@bb.is

Óháður aðili fer yfir umsóknir

Safnahúsið á Ísafirði.

Nýtt bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti á fyrsta fundi sínum að fenginn verði faglegur óháður aðili til að fara yfir umsóknir sem borist hafa um starf forstöðumanns Bæjar- og héraðsbókasafns, héraðsskjalasafns og Ljósmyndasafns Ísafjarðar, sem og að taka viðtöl við umsækjendur með fulltrúum í bæjarráði.

Fimm konur sóttu um starfið. Þær eru Edda Björg Kristmundsdóttir, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Guðrún Sv. Guðmundsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, allar búsettar á Ísafirði, og Pernilla Rein, Hnífsdal.

kristjan@bb.is

Heimabæjarhúsin í Hnífsdal.

50 þúsund krónur boðnar í Brekkuhúsið í Hnífsdal

Óstofnað hlutafélag hefur gert kauptilboð í Heimabæ 4-5 í Hnífsdal, svonefnt Brekkuhús, sem nemur 50 þúsund krónum. Um er að ræða bárujárnsklætt timburhús sem byggt var árið 1905. Heildarflatarmál er 407,8 m2. Húsið stendur á snjóflóðahættusvæði og er búseta í því óheimil á tímabilinu 31. október - 30. apríl.

Að hlutafélaginu standa þau Gabríela Friðriksdóttir, Áslaug M. Friðriksdóttir, Hjálmar Edvardsson, Ragnheiður Halldórsdóttir og Magnús Hauksson. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir á síðasta fundi og fól formanni bæjarráðs og bæjarritara að ræða við fulltrúa tilboðsgjafa.

thelma@bb.is

Elías endurráðinn bæjarstjóri Bolungarvíkur

Elías Jónatansson.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt að ráða Elías Jónatansson sem bæjarstjóra frá 16. júní til loka kjörtímabilsins. Á síðasta bæjarstjórnarfundi fyrir sumarfrí var forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs falið að gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra sem skyldi staðfestur af bæjarstjórn.

Tillaga um að ráða Elías sem bæjarstjóra var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur en einn sat hjá. Elías hefur setið í bæjarstjórastólnum frá vorinu 2008 er hann tók við af Grími Atlasyni sem hafði þá verið bæjarstjóri í Bolungarvík í tvö ár. Elías er fæddur og uppalinn í Bolungarvík og var oddviti lista Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnarkosningum. Hann er iðnaðarverkfræðingur að mennt.

Á fundinum lagði Arnþór Jónsson, sem sat fundinn í stað Jóhanns Hannibalssonar bæjarfulltrúa K-listans, til að auglýst yrði eftir framkvæmdastjóra bæjarstjórnar Bolungarvíkur, þ.e. bæjarstjóra, með það að markmiði að ráða kraftmikinn óháðan einstakling sem geti tekist á við þau krefjandi verkefni sem fyrir höndum verða á næstu árum. Baldur Smári Einarsson lagði þá fram frávísunartillögu á tillögu Arnþórs Jónssonar sem var samþykkt með fjórum atkvæðum á móti þremur.

thelma@bb.is

Skilti afhjúpuð í Raggagarði

Júlíus Ólafsson gerði ellefu skilti fyrir Raggagarð.

Skilti sem bera heiti stærstu styrktaraðila Raggagarðs í Súðavík í Álftafirði voru afhjúpuð með viðhöfn í Fjölskyldugarði Vestfjarða fyrir helgina. Fyrir skemmstu færði Júlíus Ólafsson á Ísafirði Raggagarði ellefu skilti sem hann hefur fræst á nöfn stærstu styrktaraðila garðsins. Tréð í skiltunum er frá Skógrækt ríkisins í Hallormstaðarskógi.

Júlíus gaf Raggagarði alla vinnuna við að fræsa út stafina í skiltin til minningar um góðan dreng, eins og hann orðaði það, en Raggagarður var gerður í minningu Ragnars Freys Vestfjörð í Súðavík sem lést langt um aldur fram. Júlíus kynntist Ragnari þegar hann var með unglingadeildina í Björgunarsveitinni í Súðavík fyrir allmörgum árum.

thelma@bb.is

Fengu 70 ára kaffibaunir í trollið

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS fékk brak í trollið þegar skipið var á veiðum norður af Patreksfirði á dögunum. Brakið reyndist vera úr flutningaskipinu Bahia Blanca sem sökk eftir árekstur við ísjaka á leið sinni frá Rio de Janeiro til heimahafnar í Hamborg í Þýskalandi árið 1940. 62 manna áhöfn var bjargað um borð í skipið Hafstein. Þegar Ólafur Skúlason bátsmaður á Júlíusi fór að skoða brakið nánar kom hann auga á kaffibaunir í röri sem í því var og hafa þær eins myndin sýnir varðveist vel í 70 ár.

kristjan@bb.is

Kaffibaunir sem leyndust í braki skipsins.

Hákarlinum var snúið aftur til heimkynna sinna hið snarasta.

Veiddu tíu metra beinhákarl

Það var óvenjuleg sjón sem blasti við skipverjum á frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni þegar skipið var á veiðum í austurhorni Víkuráls á dögunum. Fengu þeir hátt í 10 metra beinhákarl í trollið. Var hákarlinn vel lifandi og var honum snúið aftur til heimkynna sinna hið snarasta. Magnús Snorrason tók meðfylgjandi mynd. *kristjan@bb.is*

Aldrei borist eins margar gjafir

Hjúkrunardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í Bolungarvík bárust margar rausnarlegar gjafir á síðasta ári. Að sögn Huldu Karlsdóttur deildarstjóra hefur deildin aldrei fengið eins mikið af gjöfum. „Þetta voru mjög höfðinglegar og kærkomnar gjafir.“

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur færði deildinni vandað sófasett, Sjálfsbjörg, Kvennadeild slysavarnafélagsins og Kvenfélagið Brautin gáfu peninga sem notaðir voru til húsgagnakaupa auk þess sem Sjálfsbjörg færði deildinni gardínur til að nota í vistarverum. Þá færðu börn Benedikts Bjarnasonar og Hildar Einarsdóttur í Bolungarvík deildinni fullbúna lyftu sem að sögn Huldu var sár þörf fyrir.

Starfsfólk á hjúkrunardeildar ásamt velunnurum sem gáfu rausnarlegar gjafir á síðasta ári.

„Við viljum koma á framfæri miklu þakklæti fyrir þessar rausnarlegu gjafir,“ segir Hulda.

thelma@bb.is

Ferðafélaginn hefur aldrei bilað

Ísfirðingar hafa eflaust tekið eftir fagurrauðum smábíl á götum bæjarins að undanförnu. Þar er á ferðinni Austi Mini smábíll Hauks Sigurðssonar ferðalangs, en hann ásamt félaga sínum Jóni Gunnarssyni keypti bílinn á ferðalagi þeirra um heiminn árið 2007. Við slógum á þráðinn til Hauks og spurðumst fyrir um þennan merka smábíl sem þeir keyrðu mörg þúsund kílómetra en hefur ekki verið á götunni í þrjú ár.

„Við keyptum hann í borginni Varna í Búlgaríu. Okkur vantaði farartæki til að koma okkur á milli staða. Við vorum búnir að vera í Afríku í þrjá mánuði og gáfust upp á þeirri álfu. Við ákváðum að fara til Evrópu og gáfumst síðan upp á vespum og puttaferðalagi þannig við fjárfestum í farartæki svo við gætum verði frjálsir.“

– Og voru þetta stór kaup?

„Nei. Þegar við keyptum hann var mjög ódýr en síðan hef ég eytt miklu í hann, mig langar ekki einu sinni að vita hversu miklu. Upphaflega var þetta mjög góð hugmynd, en síðan var þetta kannski ekkert svo góð hugmynd.“

– Hvar fundið þið þennan bíl?

„Við vorum búnir að vera út um allt að leita að bíl. Við vorum staddir í Sofiu höfuðborg Búlgaríu vorum búnir að þræða bílasölur þar. Við vissum að við vildum ekki bara hvaða bíl sem er. Við vorum að leita að bjöllu eða Austin Mini. Það endaði með því eftir leit á bílasölum borgarinnar að við fórum að skoða bílasölur á netinu. Þar sáum við mynd af þessum bíl, nema hvað að hann var í borginni Varna, sem er hinum megin í landinu. Við hringdum í náungann sem átti bílinn og ákváðum að kíkja til hans. Tókum rútu morguninn eftir og ferðuðumst í heilan dag. Tókum smá rúnt á bílnum og þá var ekki aftur snúið. Þetta var ást við fyrstu sýn.“

– Og þið fluttuð hann til Íslands?

„Við keyrðum fyrst um sinn í Búlgaríu en fórum síðan niður til Grikklands. Síðan lá leiðin í gegnum alla Evrópu, Makedóníu, Serbíu, Ungverjaland, Tékkland og Þýskaland og alla leið til Danmerkur. Upphaflega var ekki planið að eiga bílinn. Við ætluðum að kaupa okkur einhverja bíldruslu. Þetta átti að vera ódýrt grín og við bjuggumst aldrei við því að hann myndi komast alla leið. Hugmyndin var að keyra honum þangað til að hann gæfi upp öndina og skilja hann svo eftir. En svo bilaði hann aldrei. Það sprakk ekki einu sinni dekk!

Við Nonni (Jón Gunnarsson) kunnum hvorugir á bíla. Ég kann ekki neitt og því vissum við lítið hvað við vorum að kaupa. Svo gekk bíllinn bara og við vorum komnir til Danmerkur þremur mánuðum seinna. Þá vissum við ekkert hvað við ættum að gera við bílinn. Þetta voru vandræði en samt ríktu þarna mikil tilfinningaleg bönd þannig við gátum ekki skilið hann eftir. Nonni var á leið til Skotlands svo ég neyddist eiginlega að taka hann upp á mína arma og fór með hann í Norrænu og hann er búinn að vera síðustu árin í nokkur skonar yfirhalningu.“

– Er þetta þægilegur ferðamáti?

„Alveg frábær. Á ferðalaginu okkar fannst mér mjög gott að sofa í honum. Það sparaði hótelgistingu að sofa í bílnum. Nonni var alls ekki hrifinn af því þegar ég stakk upp á því að sofa í bílnum. Þetta er fínn ferðabíll. Hann eyðir voðalega litlu og er miklu stærri að innan en utan.“

– Ætlar þú að eiga hann áfram?

„Já, ég er núna að vinna í því að setja toppgrind á hann svo ég geti sett kajak á toppinn. Þá getur maður ferðast eitthvað innanlands. Bíllinn verður allavega hérna í allt sumar. Verður daglegur partur af tilverunni.“

– Mælir þú með að fólk geri þetta?

„Þetta var alveg fín hugmynd árið 2007. Ég veit ekki hversu góð hugmynd þetta væri dag, en þetta var alveg rosalega gaman,“ segir Haukur Sigurðsson.

Það má því búast við því að sjá litla rauða bílinn hans Hauks þjóta um götur bæjarins í sumar en bíllinn sem er ’91 módel var ekki götuhæfur á Íslandi við heimkomu. Meðal þess sem vantaði voru rúðuþurrkur og handbremsa. Þá var einnig gat í gólfinu en að sögn Hauks er búið að laga hann að fullu og hann flaug í gegnum skoðun.

– kristjan@bb.is

Það eru sýnd mikil tilþrif á vellinum og ljóst að svokallaðir púkar hafa engu gleymt þótt þeir hafi margir hverjir lagt knattspyrnuskóna á hilluna fyrir löngu.

Eftirvænting vegna Stóra Púkamótsins

Stóra Púkamótið í knattspyrnu verður haldið í sjötta sinn á Ísafirði helgina 16. og 17. júlí. Mótinu hefur vaxið ásmegin síðustu ár og orðið að vinsælum viðburði á Ísafirði, bæði hvað varðar þátttöku og áhorf. Þrátt fyrir mikinn ákafa og listir sem ekki hafa verið reyndar í ár eða áratugi er ótrúlega lítið um meiðsli en venjulega er allur vari á skipuleggjendum og sjúkraflutningsmönnum sem eru með skipulagðar ferðir á sjúkrahúsið á Torfnesi.

Pétur Guðmundsson, einn af skipuleggjendum mótsins, segir mikla eftirvæntingu vera fyrir mótinu að vanda. Þátttökuskilyrði eru þau að menn séu orðnir 30 ára eða eldri og að þeir hafi með einhverjum hætti tengst knattspyrnuiðkun á Ísafirði, hvort sem menn hafa spilað, þjálfað, dæmt, hvatt til dáða, setið í stjórnum eða stutt íþróttina á annan hátt. Þeir sem hafa gert slíkt í nágrannabyggðum eru einnig velkomnir. Pétur hvetur menn til að skrá sig tímanlega og bendir á að allir geti verið með. Ef þeir treysta sér ekki í tilþrifin sem sýnd eru á vellinum geta þeir lagt hönd á plóg til þess að mótið fari sem best úr garði, t.d. með því að bera þá menn út af sem þess þurfa.

Mótið hefst föstudaginn 16. júlí kl. 14 og eftir leiki dagsins verður svokallað Púkakvöld í skíðaskálanum í Tungudal. Á laugardaginn hefst mótið kl. 13 og eftir leiki dagsins verður lokahóf mótsins í Stjórnsýsluhúsinu sem hefst kl. 19.30 með verðlaunaafhendingu og skemmtunum og eins og undanfarin fimm ár.

Markmið Púkamótsins er að vekja athygli á og byggja upp sjóð til að styrkja ísfirska knattspyrnu, meðal annars með því að búa til sparkvelli fyrir ísfirska krakka, eða púka, eins og þeir eru kallaðir hér fyrir vestan. Sjóðnum er einnig ætlað að styrkja ýmis önnur málefni sem varða ísfirska knattspyrnu. Þannig er ætlunin að hægt verði að sækja um styrki til að sækja námskeið sem tengjast knattspyrnu, til dæmis til að öðlast menntun til dómara- eða þjálfarastarfa.

Þess má geta að Stóra Púkamótið hefur vakið mikla athygli, ekki síst erlendis. Mótið hefur hlotið viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins í knattspyrnu sem Knattspyrnusamband Íslands og alþjóðasambandið UEFA veitir árlega. Púkamótið hlaut viðurkenningu sem viðburður fyrir leikmenn í eldri flokki (Best Veterans Football Event 2006).

Nánari upplýsingar er að finna á pukamot.is.

thelma@bb.is

Mynda Ísland fyrir erlenda ferðamenn

Þjóðverjarnir Frank og Jo Nagel voru stödd á Vestfjörðum fyrir stuttu þar sem þau mynduðu tónlistarmenn að störfum í Tanknum í Önundarfirði. Myndböndin eru væntanleg á veraldarvefinn síðar í sumar.

Blaðamaður Bæjarins besta rakst á skötuhjúin og spurði þau hvað kom til að þau heimsóttu Vestfirði.

„Við dýrkum bæði að vera á Íslandi og höfum komið hingað oft áður en þetta er í fyrsta sinn sem við komum til Vestfjarða. Ég las á netinu að það væri hljóðver í tanki í Önundarfirði og hugsaði með mér að ég yrði að sjá þetta. Við spurðumst fyrir um þetta á Flateyri og höfðum í kjölfarið samband við Önna (Önund Pálsson hljóðversstjóra). Hann tók okkur mjög vel og skipulagði sessjóns sem við fengum að taka upp, ein þeirra var með Biggabix, svo var ung hljómsveit sem kallast Óminnishegri og loks Þröstur Jóhannesson.

Ég er upptökumaður og hef mjög gaman af því að mynda það sem er öðruvísi. Ég hef svolítið verið að taka upp stutt myndbönd af tónlistarmönnum að spila fyrir tónlistarvefinn vimeo.com á undirsíðu sem kallast Orange ear og eins hef ég birt þau á myspace. Hljómsveitirnar geta svo vitaskuld notað myndböndin að eigin vild.

Þetta er bara áhugamál hjá mér. Við búum í Berlín í húsi sem var áður búð og þar er 45 fermetra rými sem við nýtum oft til að setja á svið einhverjar sýningar eða viðburði. Við höfum til dæmis verið þar með keppni í piparkökuhúsagerð og höldum þar stofutónleika, það mega ekki vera of háværir tónleikar vegna nágrannanna."

Frank kom ekki eingöngu til Íslands að taka upp tónlistarmyndbönd.

„Ég hef mikinn áhuga á því að framleiða kynningarmyndband um Íslands fyrir ferðamenn. Þar ætla ég að sýna hvernig ferðast megi um landið með bakpoka frá gistiheimili til gistiheimilis. Einnig er hugmynd að sýna Ísland handan við gullna hringinn og þar á ég við ferðamannaperlurnar eins og Gullfoss og Geysir og það sem vanalega er kynnt fyrir ferðamönnum. Það hefur verið sýnt nóg af því svo ég hef enga þörf til að endurtaka það.

Ég ætla að dreifa myndbandinu um alla Evrópu. Ég mun klippa það til heima í Þýskalandi en það á að verða tilbúið í vetur svo ég geti byrjað að selja það."

Þjóðverjarnir Frank og Jo Nagel voru stödd á Vestfjörðum fyrir stuttu þar sem þau mynduðu tónlistarmenn að störfum í Tanknum í Önundarfirði.

Dolfallin yfir Íslandi

Frank og Jo byrjuðu Íslandsferðina á því að koma við hjá vinkonu þeirra í Vík í Mýrdal og hjálpa henni við hreingerningar eftir gosið. Síðan ferðuðust þau vítt og breitt um landið.

„Við erum alltaf jafndolfallin þegar við komum hingað, ekki eingöngu vegna náttúrunnar sem er stórfengleg heldur líka vegna hugarfars Íslendinga. Í smáum bæjum sem virðast vera svo fjarri restinni af heiminum er fullt að gerast, eins og hljóðver í litlu sjávarþorpi á Vestfjörðum. Ég gæti ekki ímyndað mér að slíkt myndi eiga sér stað í þorpi af sömu stærð í Þýskalandi," segir Jo.

„Á Íslandi er líka auðveldara að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Maður gæti þess vegna gengið upp að einhverjum og spurt þá hvort þeim lítist vel á hugmyndina. Maður fær þá svar hvort sem það er jákvætt eða neikvætt en ef maður myndi banka upp á hjá einhverjum í Þýskalandi og segjast vilja gera myndband um starfsemi hans, eins og við gerðum við Önna, myndi viðkomandi halda að maður væri eitthvað klikkaður," segir Frank hlæjandi.

„Fyrir nokkru ætluðum við að flytja til Íslands en þurftum að safna meiri pening áður en við gátum gert það og þá skall kreppan á. Við ákváðum því að slá því á frest," segir Jo.

„Já við reyndum að læra tungumálið en það er erfitt að gera það í Þýskalandi þar sem maður hefur ekki möguleika á að heyra málið talað og fær því enga æfingu. Við vorum því bara að sanka að okkur nokkrum orðum á stangli. Og ég held að til þess að fá vinnu á Íslandi í dag þurfi að tala tungumálið. Það var kannski annað uppi á teningnum fyrir einhverjum árum þegar mun auðveldara var að fá vinnu," segir Frank. Þau segjast þó bæði vera sannfærð um að þau muni oft heimsækja Ísland enda kolfallin fyrir bæði landi og þjóð.

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með niðurstöðu Hæstaréttar í myntkörfumálinu?

Alls svöruðu 444.
Já sögðu 331 eða 75%
Nei sögðu 55 eða 12%
Hlutlaus sögðu 58 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Stíf austlæg átt með rigningu víða um land. Milt í veðri.
Horfur á laugardag og sunnudag:
Breytileg átt, yfirleitt fremur hægur vindur. Rigning með köflum eða skúrir og áfram milt í veðri.

Ritstjórnargrein

Allra hagur

Áratugum saman var Skipaútgerð ríkisins lífakkekri byggðarlaga við strandlengjuna. Einskonar þjóðvegur í kringum landið. Um síðir var hún talin ómagi á ríkissjóði og var slegin af. Fyrirséð var að einkarekstur strandsiglinga yrði skammtíma millispil. Landflutningar gáfu farmflytjendum meira í aðra hönd. Blásið var á þær mótbárur að vegakerfið væri engan veginn í stakk búið til að bera allan þungaflutning landshorna á milli.

Þegar fyrir liggur að það kostar nokkuð mörgum þúsundköllum meira að flytja svefnsófa milli Reykjavíkur og Ísafjarðar með bíl en myndi kosta með skipi, þarf engan að undra að umræða um strandsiglingar skjóti upp kollinum. En það hangir fleira á spýtunni, eins og Ólafur B. Halldórsson, bendir á í grein sinni á bb.is 10. f.m. þar sem hann fagnar því að sjóflutningar á ströndina hafi komist á dagskrá þar sem „þetta er einn þeirra þátta sem hafa gert búsetuskilyrði á landsbyggðinni erfiðari og grafið undan rekstri undirstöðufyrirtækja þar." Við þetta er því að bæta að hafnarsjóðir margra sveitarfélaga hafa orðið fyrir tilfinnanlegum tekjumissi við að strandsiglingar lögðust af. Það eitt og sér hlýtur að vera áhyggjuefni ríkisvaldsins ef hugur fylgir máli, að hinar dreifðu byggðir haldi velli.

Aðeins fimm dagar liðu frá því að starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins skilaði skýrslu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að strandsiglingar væru álitlegur kostur til vöruflutninga, þar til útreikningar farmflytjenda um óvissar forsendur verkefnisins voru lagðir fram, hugmyndirnar sagðar óraunhæfar án niðurgreiðslna frá ríkinu.

„Nú er alveg ljóst að tregðulögmál eru mjög virk þegar eitthvað hefur viðgengist lengi," segir í tilvitnaðri grein ÓBH „og því þarf eitthvað róttækt að gerast til að breyta því. Það hlýtur að vera reiknanleg stærð hvað viðhald á vegum kostar samfélag okkar með allri þeirri þungaumferð sem er á vegakerfinu daglega." Auk mikils óöryggis og slysahættu á vegum úti vegna þungaflutninga liggur fyrir að viðhald vega er miklu meira en ella. Í því sambandi hafa verið nefndar fjárhæðir allt að 200 milljónir króna á ári. Fullyrða má að þeim fjármunum er betur varið til annara verka og má nota með ýmsum hætti.

Það er mikið hagsmunamál landsbyggðarinnar að sjóflutningar verði teknir upp að nýju. Hagræðing var röksemdin fyrir því að þeir voru slegnir af; hagkvæmni sem þeir hafa lítils notið, sem borga brúsann þegar upp er staðið.

Sjóflutningar ættu að geta orðið allra hagur. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is.* **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Kajaksmíðaverkstæði opnar á Ísafirði

Grænlensk-íslenska fyrirtækið Greenland kayaks opnar kajaksmíðaverkstæði á Ísafirði í sumar. Verkstæðið verður til húsa í aðstöðu Sæfara í Neðstakaupstað. „Ísafjörður er náttúrulega Mekka kajakbransans á Íslandi. Til að byrja með ráðum við tvo menn í vinnu en vonandi verða þeir fleiri áður en langt um líður," segir Baldvin Kristjánsson kajakframleiðandi og -leiðsögumaður í viðtali við Morgunblaðið en hann rekur Greenland kayaks á Suður-Grænlandi sem hannar og smíðar kajaka.

Halldór Sveinbjörnsson í veltuæfingu á grænlenskum kajak frá Greenland kayaks.

„Grænlenskur kajak er eins og sjófugl í sundi, hann liggur í öldunni og hreyfist mjúklega með henni. Ef þú hendir plastflösku í sjóinn þá hoppar hún og skoppar án mýktar. Þetta er munurinn á steyptum kajak og grænlenskum kajak með grind. Í grænlenskum báti er grindin alltaf bundin, aldrei skrúfuð og enn síður steypt, þetta er það sem gefur kajaknum líf," segir Baldvin sem talar af reynslu enda hefur hann stundað kajaksiglingar árum saman, búið á Grænlandi síðan 2006 og á grænlensk/danska eiginkonu.

Fyrirtækið á Ísafirði mun einkum framleiða kajaka fyrir Íslandsmarkað. „Hugmyndafræðin er að framleiða fyrir smærri markað því það er bæði dýrt og óumhverfisvænt að flytja kajaka yfir höfin sjö. Þess vegna ætlum við líka að opna útibú í Svíþjóð sem smíðar kajaka fyrir sænskan og norskan markað. Allt efni sem við notum í grind bátanna er unnið úr sjálfbærum skandinavískum skógi, við notum t.d. furu í kjöl og borðstokk, „rifbeinin" eru úr aski og styrktarbitarnir úr eik."

Grænlendingarnir munu áfram vinna að hönnun og smíða allar frumgerðir sem framleiddar verða. „Þetta eru menn sem skynja kajaka með skrokknum og blóðinu."

Hingað hefur verið vandamál við kajaka með dúk að efnin hafa ekki verið nógu endingargóð. Kajakinn sem framleiddur verður á Ísafirði er með einstökum dúk sem fyrirtækið hefur þróað með samstarfsaðilum í Þýskalandi. „Við duttum niður á efni sem heitir Dyneema og er m.a. oft notað í herhjálma, brynvörn, togvíra og fleira. Vandamálið við þetta efni, sem er sterkara en stál, er að aldrei hefur tekist að lita það eða gera það vatnshelt fyrr en nú. Bátarnir verða óvenju léttir, liprir og sterkir og rúsínan í pylsuendanum er að þeir verða talsvert ódýrari en innfluttir."

Megum ekki við frekari auglýsingu

– spjallað við Magga Hauks um fjölbreyttan starfsferil og sitthvað fleira en ekki síst veitingareksturinn í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði

Magnús Hauksson er maður sem allir Ísfirðingar þekkja eða kannast við – og reyndar miklu fleiri. Hin síðari árin hefur hann orðið víðkunnur sem meistarakokkur á veitingastaðnum í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði þó að hann hafi aldrei gengið í kokkaskóla og megi ekki bera starfsheiti í þá veru. Hvað þá að hann sé matreiðslumeistari að mennt. Fyrr á árum kynntust honum líka allir á Ísafirði sem áttu myndbandstæki og fóru í Pólarvídeó að ná sér í spólu.

Eiginkona Magnúsar er Ragnheiður Halldórsdóttir, dóttir Katrínar Gísladóttur og hins landskunna Halldórs Hermannssonar úr Ögurvík, sem búsett eru við Mjógötuna á Ísafirði. Ragnheiður og Magnús eiga þrjú börn.

Maggi Hauks er fæddur síðla árs 1954 í gamla Thors Jensens húsinu í Borgarnesi. Foreldrar hans eru Erla Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur og Haukur S. Magnússon læknir. „Pabbi var að byrja að læra læknisfræði þegar við bræðurnir fæðumst því hann eignaðist okkur Jóa nítján og tuttugu ára gamall.“

Flestir hérlendis munu kannast við Jóhann Hauksson sem er einn af þekktustu fréttahaukum landsins. Síðan er yngri systir, Jónína Eir Hauksdóttir hjúkrunarfræðingur.

Dvöl Magnúsar Haukssonar í Borgarnesi í frumbernsku var ekki löng. Hann ólst upp í Reykjavík fram til sjö ára aldurs þegar fjölskyldan flyst til Egilsstaða þar sem faðir hans gerðist héraðslæknir og var þar næstu fimmsex árin. „Eftir það erum við eitt ár í Reykjavík en flytjum svo til Svíþjóðar árið 1968, þar sem við vorum í tvö og hálft ár. Síðan var aftur flutt heim og sest að í Reykjavík.“

Stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði

– Þó að þú sért kunnastur fyrir kokkarí hin síðari árin ertu ekki kokkur að mennt.

„Nei, ég tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði seint og um síðir. Byrjaði seint og lauk því seint. Áður hafði ég verið einn vetur í Hamrahlíð. Svo gaufaði í ég háskóla í tvo vetur.“

– Af hverju frá Menntaskólanum á Ísafirði?

„Ég kom fyrst til Ísafjarðar um páskana 1972 og leist alveg svakalega vel á mig hérna. Ég á móðursystur hér á Ísafirði, Sigrúnu Jóhannsdóttur, eiginkonu Guðbjörns Charlessonar, og var hjá þeim. Þá um páskana var Gullfoss hérna í höfninni eins og jafnan á Skíðaviku Ísfirðinga á fyrri tíð. Ég var með mikla skíðadellu á þeim tíma.

Síðan kem ég hingað aftur 1974 og vinn um sumarið á flugvellinum en fer svo í Menntaskólann um haustið, rétt að verða tvítugur, og útskrifast í fyllingu tímans tuttugu og þriggja ára gamall. Um það leyti sem ég er að klára skólann kynnumst við Ragnheiður konan mín.“

Innritaður í lögfræði og sálfræði

„Eftir stúdentsprófið var ég að hugsa um að læra eitthvað meira og innritaði mig í lögfræði en vantaði eitthvað til að vinna með náminu. Ég fékk vinnu sem næturvörður á meðferðarstöðinni á Vífilsstöðum og var reyndar svolítið tengdur þessu alkóhólbatteríi. Mamma var hjúkrunarfræðingur á Flókadeildinni gömlu og þess vegna tengd Vífilsstöðum og gott ef Jói bróðir hafði ekki unnið þar líka. Þarna var ég þessa tvo vetur sem ég þóttist vera í háskólanum.

Lögfræðin sjálf var skemmtileg en vinnan að náminu loknu fannst mér ekki aðlaðandi. Seinna árið innritaði ég mig í sálfræði og það var líka mjög gaman. En ég var enginn sérstakur námsmaður. Ég viðurkenni það alveg núna eftir öll þessi ár!

Við Ragnheiður bjuggum saman í Reykjavík þessa tvo vetur og áttum heima við Tjarnargötuna í húsinu þar sem Hermann Jónasson forsætisráðherra bjó á sínum tíma. Við vorum þar í finni kjallaraíbúð og stutt í miðbæinn og mikið stuð á okkur á þeim tíma, skemmtum okkur mikið.“

Á sjó og í Sundi

„Eftir tveggja ára samvist okkar Ragnheiðar fæðist Haukur sonur okkar og eftir það flytjum við vestur. Þá var Dóri Hermanns tengdafaðir minn með fiskvinnsluna Sund og við Ragnheiður fórum bæði að vinna þar í fjölskyldufyrirtækinu. Þar er ég síðan að vinna af og til næstu árin ásamt því sem ég var á sjó frá Súðavík.

Sumurin á undan hafði ég verið á sjó á humarbátum frá Vestmannaeyjum og var búinn að fá pláss á bát þaðan. Líka hafði ég spurst fyrir um vinnu inni í Súðavík hjá Berki Ákasyni en það var ekki vitað hversu mikil hún yrði. Ég kastaði upp peningi um þetta og Súðavík kom upp, sem betur fór. Ragnheiður togaði í mig líka. Við vorum til þess að gera nýlega byrjuð saman og ekkert vitað hvert framhaldið yrði í því efni. Það var afbragðsgott að vinna hjá Berki í Súðavík og með tíð og tíma komst ég á rækjubátana þar og síðan á Bessann sem ég var á öðru hverju í nokkur ár.“

Pólarvídeó

„Árið 1985 bilaði ég illa í hnénu og var lengi frá vinnu. Til að hafa eitthvað að gera setti ég á fót vídeóleiguna Pólarvídeó hér á Ísafirði. Þá bjuggum við að Mánagötu 3, í húsinu þar sem Púka-Pétur ólst upp, og vorum bara með leiguna inni í stofu. Svo flytjum við í Pólgötu 4 og vorum þar líka með leiguna í einni kompu.

Þetta var í árdaga vídeósins og strax mjög mikið að gera. Ég komst í góð sambönd fyrir sunnan og endurleigði myndir en keypti þær ekki sjálfur. Ég tók á leigu kannski hundrað myndir í einn mánuð og fór svo og skipti. Þannig kom maður undir sig löppunum í þeim efnum.

Fljótlega keyptum við síðan Pólgötu 10, sem þótti nokkuð vel í lagt því að þetta er stórt hús. Við gerðum þetta í því augnamiði að hafa vídeóleiguna á fyrstu hæðinni, þar sem hún var síðan alveg fram til 1993. Þá var mesti glansinn farinn af þessu og Stöð 2 komin og fleira sem dró úr traffíkinni í vídeóinu.“

Sjómannastofan við höfnina

„Vorið 1986 komu upp hugmyndir um að opna sjómannastofu á efri hæðinni í Hafnarhúsinu á Ísafirði þar sem hafnarviktin er núna. Ég hafði verið kokkur á sjó og haft gaman af því að elda, þannig að ég fór í þennan rekstur og notaði hagnaðinn frá vídeóleigunni til að starta þessu. Þetta húsnæði var að mörgu leyti mjög vel staðsett enda var mikið líf á höfninni á þeim tíma. Þá voru ennþá allir togararnir hérna og lönduðu hér þrír, fjórir eða fimm í hverri viku og sett í gáma og allavega.

Ferðafólki og þó sérstaklega útlendingum fannst mjög athyglisvert að sitja þarna og borða á annarri hæð með útsýni yfir þetta allt og horfa á menn við vinnu sína á höfninni. Útlendingum finnst sitthvað merkilegt sem okkur finnst ekkert merkilegt. Síðan finnst þeim ekkert merkilegt sem okkur finnst merkilegt og erum að sýna þeim.

Við höfðum nú ekki mikið vit á þessum veitingarekstri þegar við byrjuðum með Sjómannastofuna. Þess vegna réð ég til mín kokka, líka til þess að kenna mér. Ég sá fram á að ég mætti ekkert vera að því að fara í kokkaskóla. Á þessum sjö árum sem við rákum Sjómannastofuna eða frá 1986 og fram til 1993 vorum við þannig kannski með alls tíu kokka af og til í vinnu. En mest hefur kennt mér Ólafur Þorkell Helgason sem er mikill vinur minn enn í dag og kemur öðru hverju og leysir mig af í Tjöruhúsinu. Hann er frábær kokkur.

Árin á Sjómannastofunni voru mjög skemmtileg. Þetta var líflegt og mikið að gera, sérstaklega fyrstu tvö-þrjú árin. Áhafnir komu mikið og borðuðu hjá okkur. Það var mikið af rækjubátum hérna þá og rækjuverksmiðjurnar sendu áhafnirnar í mat til okkar í staðinn fyrir að láta elda um borð. Á þessum tíma kynntist ég fjölda sjómanna alls staðar að af landinu. Hingað komu loðnubátar á rækjuna og lögðu upp hjá Eika Bö og fleirum.“

Pítsur í einn dag!

„Mér er minnisstæð ein Evróvisjónhelgin þegar hjá mér var frændi minn sem hafði unnið í Pizzahúsinu í Reykjavík og kunni allt um pítsur. Við ákváðum því að bjóða upp á pítsur, útveguðum okkur kassa undir þær og gerðum þetta alveg eins og í Reykjavík og auglýstum hressilega að það væri hægt að panta pítsur.

Það varð hreinlega allt vitlaust. Eftir sextíu pantanir tókum við

símann af. Okkur fannst líka pítsa svo ómerkilegur matur að okkur kom ekki til hugar að gera þetta meira. Við hefðum líka haft allt of mikið að gera. Þess vegna vorum við með pítsur bara þennan eina dag.

Síðan dróst þetta saman á Sjómannastofunni með minnkandi umsvifum í útgerðinni. Líka vorum við orðin svolítið þreytt á þessu. Þetta var mjög bindandi vinna og aldrei frí enda bar þetta ekki mikið starfsfólk fyrir utan okkur sjálf.“

Sjöunda sumarið í Tjöruhúsinu

„Við hættum þess vegna eftir sjö ár og komum svo ekki nálægt svona löguðu á ný fyrr en ellefu árum síðar þegar við byrjuðum veitingareksturinn í Tjöruhúsinu árið 2004. Þá hafði Byggðasafnið reynt að fá fólk til að reka þetta en enginn fengist. Að vísu hafði hótelið viljað taka að sér gegn greiðslu að afgreiða þarna súpu og kaffi og slíkt.

Við Ragnheiður slógum til og vildum reka þetta á okkar eigin forsendum án þess að fá neina meðgjöf frá Byggðasafninu. Núna er sjöunda sumarið okkar í Tjöruhúsinu.“

Tvö börn í viðbót

„Á þessum árum sem við tókum okkur frí frá veitingarekstri eignuðumst við tvö börn til viðbótar. Þá höfðum við loksins tíma til þess. Það eru Salóme Katrín, fædd 1995, og Guðmundur Björgvin, fæddur 1997, sem eru núna í síðustu bekkjunum í grunnskóla og vinna með okkur á sumrin hérna í Tjörunni. Salóme er orðin gríðarlega frambærileg í því starfi og mjög vel enskumælandi eins og eldri bróðir hennar var reyndar á sínum tíma.“

Sonurinn Haukur Sigurbjörn Magnússon, alnafni afa síns, er hins vegar ritstjóri Reykjavík Grapevine eins og alkunna er, og jafnframt tónlistarmaður og spilar í hljómsveitinni Reykjavík!“

Kúnninn hefur aldrei rétt fyrir sér!

– Aftur að matreiðslunni. Þú munt hafa byrjað að elda strax á mjög ungum aldri.

„Já, það má segja að mamma hafi kveikt áhugann hjá mér. Hún var mjög dugleg að leyfa okkur bræðrunum að elda. En þess má geta, að á árunum upp úr 1970 var það ekki „in“ að vera kokkur. Það þótti frekar hallærislegt. Það var miklu flottara að vera til dæmis þjónn. Að elda mat var á þeim tíma eitthvað ómerkilegt. En ef ég hefði látið hjartað ráða hefði ég kannski bara farið í skóla og lært þetta. Einhvern veginn var ætlast til annars af manni.“

– Maturinn í Tjöruhúsinu er margrómaður bæði innan lands og utan.

„Þetta hefði aldrei gengið svona vel nema með liðsinni góðs fólks. Við byrjuðum á því að auglýsa þetta dálítið hressilega og settum bæklinga og auglýsingar inn á tjaldsvæðið í Tungudal og víðar til að minna á okkur. En eftir annað eða þriðja árið tókum við niður allt sem minnti á okkur. Þá var bara orðið svo mikið að gera. Fólk verður þá bara að hafa fyrir því að finna okkur ef það vill borða hjá okkur.

Mér finnst skemmtilegt sem einhver sagði: Kúnninn hefur aldrei rétt fyrir sér varðandi matinn á veitingahúsi, hann verður bara að fara eftir kenjum kokksins. Hann hefur eingöngu rétt fyrir sér þegar hann þakkar fyrir sig og borgar.

Það er nokkuð til í þessu, að mér finnst. Þegar þú ferð á veitingahús gefurðu þig á vald þess sem er að elda og átt að vera til í að prófa það sem hann vill bjóða þér upp á.

Við höfum aldrei verið með skrifaðan matseðil þó að við höfum einu sinni verið með krítartöflu en við erum löngu hætt því. Við segjum bara fólki hvað við höfum að bjóða hverju sinni og gefum kannski val milli tveggja til fjögurra rétta. Ef gestirnir eru tveir eða fleiri saman mælum við með því að þeir taki hver sinn réttinn. Við skömmtum mjög ríflega og þá getur fólk smakkað hvert hjá öðru.“

Matrónan í Tjöruhúsinu

Hönnunin í Tjöruhúsinu er verk Ragnheiðar, segir Magnús. „Hún á alfarið hugmyndirnar að útlitinu á staðnum. Og viðmótinu. Hún er eins konar matróna á staðnum“, segir hann.

– Í góðu veðri er ekki bara snætt inni heldur eru borð út um allt.

„Já, og síðasta sumar var algert metsumar. Það var orðið svo mikið að gera að við réðum eiginlega ekki við það. Við þurftum að fara út í það að vera bara með hlaðborð á kvöldin, sem mörgum finnst kannski meira óspennandi og ópersónulegra. Við höfum þó alltaf þann háttinn á að elda jafnóðum þannig að maturinn á hlaðborði er aldrei staðinn, hvað þá upphitaður.“

Slæmt þegar ekki er róið

– Er Tjöruhúsið ekki eingöngu fiskveitingahús? Og hráefnið alltaf ferskt?

„Jú, það má segja að þetta sé eingöngu fiskveitingahús. Og hráefnið er alltaf alveg ferskt, svo framarlega sem það er róið. Við höfum til dæmis haft lokað um verslunarmannahelgar vegna þess að þá er engan almennilegan fisk að hafa. Brælur geta líka

verið erfiðar. En við höfum þó alltaf saltfiskinn, sem er afbragðs hráefni frá HG og fleirum, þessi lausfrysti glasseraði fiskur sem þú getur þítt og sett bara beint á pönnu. Þarft ekki einu sinni að roðrífa. Þetta er feikilega góð vara sem verður sífellt vinsælli þegar fólk er búið að átta sig á þessu.“

– En þegar nóg er af nýveiddum fiski, eru margar tegundir sem þú eldar?

„Já, vissulega. Og þegar maður er með hlaðborðið er hægt að nota sjaldgæfari tegundir eins og löngu og ufsa og karfa. En langvinsælustu tegundirnar hérna eru kolinn og steinbíturinn og hlýrinn, sem maður verður að passa að hafa nóg af.“

Margar ólíkar tegundir á borðum

– Eru ekki steinbíturinn og hlýrinn nánast eins?

„Ekki alveg eins. Hlýrarnir eru oft svakalega stórir drellar. Hlýrinn er feitari og mýkri undir tönn en steinbíturinn og bráðnar eiginlega í munninum. Ég vil meina að hann sé einhver allra besti matfiskurinn. Annar fiskur sem er miklu betri en hann lítur út fyrir að vera er langan. Hún er ágætur matfiskur og ekkert síðri en þorskur og ýsa. Það má segja að við eldum einna minnst af ýsu nema þá í plokkfisk.“

– En skötuselur?

„Mér leiðist hálfpartinn að elda skötusel. Hann þarf mjög nákvæma eldun og þar kemur líka fleira til sögunnar. En hann er feikilega góður fiskur og allt það. Í fyrra og hitteðfyrra varð mikil aukning á honum hér fyrir vestan og svo sem nóg framboð af honum.

Svo erum við núna með krækling, sem er ein helsta nýjungin hjá okkur. Alveg feikilega góð vara og skemmtileg sem við fáum.“

Eins og að elda beitu

– Hvað með smokkfisk?

„Nei, við erum ekki með hann. En ég hef gaman að segja frá því, að þegar smokkfiskurinn gekk hér á þeim tíma sem ég vann hjá Dóra tengdaföður mínum í Sundi, þá gerðum við tilraun með að taka smokkfisk og verka hann. Við settum hann í tveggja kílóa pakkningar og seldum í Hagkaup og þá matvörumarkaði sem voru á þeim tíma og þetta var töluvert keypt. Það var svakaleg vinna að hreinsa þetta og verka. En ég hef ekki eldað smokkfisk. Mér þætti það eins og að elda beitu.

Hins vegar höfum við öðru hverju fengið ferskan makríl. Hann er mjög skemmtilegur og góður matfiskur. Svolítið líkur síld. Alveg bráðfeitur. Maður bara veltir honum úr hveiti og

steikir. Makríllinn er mjög bragðgóður og bragðið svolítið sérstakt. Líka erum við með rækju, aðallega í súpur, og svo eru líka einhverjir rækjuréttir á hlaðborði.“

– Humar?

„Nei, en við bíðum spennt eftir því að humarinn komi hingað vestur líka. Maður er eiginlega bara að elda það sem kemur upp úr sjónum hér í kring. Hér fyrir utan eru mjög góð steinbítsmið og líka góð kolamið.“

Löndunarþjónustan

– Reksturinn í Tjöruhúsinu er bara yfir sumarið en jafnframt rekur þú löndunarþjónustu allt árið.

„Ég byrjaði á því fyrir rétt um tuttugu árum. Þá kom hér Pétur Geir Óskarsson og var eitthvað í rækjuvinnslu og var að fá rækju í sekkjum af Jöfri. Það markaði upphaf þess að ég byrjaði að landa. Áður hafði ég verið kranamaður á togaranum Skutli í mörg ár og landað upp úr honum og þekkti til verka. Eftir að ég byrjaði sjálfur kom þetta síðan hægt og bítandi. Fékk fljótlega Júlíus Geirmundsson og síðan var alveg vitlaust að gera í þessu á tímabili þegar hér voru kannski þrír togarar að landa allir í einu.

Eitthvað um 1993-94 fer ég síðan að keyra fisk hér á milli byggðarlaga og þá náttúrlega yfir heiðarnar á vörubílsskrjóði sem ég hafði afnot af. Ekki voru þá jarðgöngin komin. Síðan jókst þetta og ég kaupi kassabíla og einhvern tímann fyrir 2000 fer ég að keyra úr Páli Pálssyni og Stefni. Aðallega keyri ég hérna innan svæðisins og jafnframt einstaka búslóð fram og aftur um landið.“

Bakþankar ...

Þegar síðustu orðaskipti okkar Magnúsar Haukssonar vegna þessa viðtals eiga sér stað er hann að landa. Strax og því lýkur fer hann að kokka lystisemdir vestfirskra fiskimiða ofan í vandláta gesti í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað, einu af elstu og merkustu húsum landsins.

Og þess má geta í lokin, að þegar þess var farið á leit við Magnús að hann kæmi í viðtal í Bæjarins besta tók hann því ljúflega, eins og hans er von og vísa. En svo fékk hann smávegis bakþanka: „Við megum ekki við frekari auglýsingu.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Mest í hlut At-Vest vegna atvinnu- og byggðaþróunar

Byggðastofnun greiddi mest til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á síðasta ári en stofnunin er með samninga við atvinnuþróunarfélög á starfsvæðum þeirra um atvinnu- og byggðaþróun sem gilda fyrir tímabilið 2008-2010. Fjárveiting til atvinnuþróunarstarfsins á árinu 2009 var að upphæð 164,7 milljónum króna á móti 173,2 milljónum króna á árinu 2008. Þar af var 41 milljón til At-Vest, en því næst kom Þróunarfélag Austurlands með 24 milljónir. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands fékk 22.5 milljónir. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi-ráðgjöf og SSNV atvinnuráðgjöf var báðum úthlutað 21 milljón. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar fékk 13 milljónir, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 14 milljónir og Samtök sveitafélaga á Suðurnesjum 5.7 milljónir.

Samkvæmt áðurnefndum samningum er hluta af þeim fjármunum sem Alþingi veitir til starfsemi atvinnu-þróunarfélaganna úthlutað í gegnum verkefnissjóð. Um er að ræða samkeppnissjóð þar sem félögin sækja um framlög til einstakra verkefna. Þær umsóknir eru síðan metnar og úthlutað eftir því.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Þróunarfélag Austurlands. Samráðsfundur var haldinn með forsvars-mönnum félaganna í júní en auk þess voru haldnir fundir með starfsfólki og stjórnum í nokkrum félögum. Þar fyrir utan á Byggðastofnun rétt á áheyrnarfulltrúum í öllum félögunum sem leiðir af sér að stofnunin er í betri tengslum við félögin en ella væri.

„Starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á árinu 2009 mótaðist eðlilega mjög af þeim breyttu aðstæðum sem uppi eru í íslensku samfélagi eftir hrun allra stærstu fjármálastofnana landsins haustið 2008 og vegna stóraukins atvinnuleysis sem fylgdi í kjölfar þess," segir í ársskýrslu Byggðastofnunar sem kynnt var á ársfundi stofnunarinnar í síðustu viku.

– thelma@bb.is

Óvissa um aðstöðu við Meðaldalsvöll

Að líkindum mun Golfklúbburinn Gláma á Þingeyri missa aðstöðu sína í húsi við Meðaldalsvöll í Dýrafirði innan tíðar. Jóhannes Kristinn Ingimarsson, formaður Glámu, segir óvíst hvort það verði í sumar eða næsta sumar. Slæmt er að hafa ekki klúbbhús við golfvöll og segir Jóhannes málið vera í vinnslu.

„Við erum að reyna að finna lausn á þessu. Þetta er á því stigi að ég get lítið tjáð mig um það núna." Fimm ár eru hins vegar eftir af leigusamningi við landeigendur og segir Jóhannes að vonandi verði hann framlengdur eftir það.

Aðstaða Glámu er á neðri hæðinni í húsi í eigu landeigenda, sem nýta efri hæðina sem sumarbústað og vilja losna við golfarana úr húsinu.

Hjaltalín kemur fram á Dýrafjarðardögum

Bæjarhátíð Þingeyringa, Dýrafjarðardagar, verður haldin í níunda skipti fyrstu helgina í júlí. Undirbúningur hátíðarinnar er í fullum gangi en sú hefð hefur skapast í gegnum árin að velja einkennislit hátíðarinnar sem í ár verður „lime-grænn". Dagskrá hátíðarinnar er að vanda vegleg og má í því sambandi nefna að ein vinsælasta hljómsveit landsins, Hjaltalín, hefur boðað komu sína á hátíðina. Hjaltalín mun spila á dansleik í félagsheimili staðarins laugardagskvöldið 3. júlí. Þá verður grillveislan og kassabílarallýið á sínum stað.

Dýrafjarðardagar er þriggja daga hátíð með fjölbreyttri afþreyingu. Hún var í fyrsta sinn haldin árið 2002 og síðan endurvakin fyrir sjö árum. Fjölmargir gestir hafa sótt hátíðina, ekki síst brottfluttir Dýrfirðingar. Nánari dagskrá verður birt á thingeyri.is þegar nær dregur en áhugasamir geta fylgst með framvindu mála á facebook síðu Dýrafjarðardaga.

Saltfiskveislan með breyttu sniði

Hin geysivinsæla saltfiskveisla Byggðasafns Vestfjarða verður haldin með breyttu sniði þetta árið. „Þetta verður með smá breyttum áherslum þetta árið. Við ætlum að sjálfsögðu að hafa saltfisk á boðstólum en við ætlum að bæta við bláskel og kampalampa eða rækju," segir Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða. Saltfiskveislan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og aðsókn verið góð.

„Ég held að þetta verði spennandi í ár. Við bætum við nýlundum og endurtökum jafnvel að hluta til leikinn frá því að rækjuhátíðin Kampalampinn var haldin hér um árið. Svo kemur auðvitað bláskelin, eða kræklingurinn inn núna," segir Jón sem hvetur fólk til að fara að huga að veislunni sem verður 17. júlí í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. *– kristjan@bb.is*

Vaxtasamningur Vestfjarða styrkir The Nauteyri Project

Vaxtasamningur Vestfjarða hefur veitt The Nauteyri Project rannsóknarstyrk að fjárhæð 250 þúsund krónur. Eins og fram hefur komið hefur The Nauteyri Project sent sveitarstjórn Strandabyggðar erindi þar sem lýst er yfir áhuga á að kaupa jörðina Nauteyri í Ísafjarðardjúpi, takist að fjármagna kaupin, en tilboðið hljóðar upp á 30 milljónir króna. Að því er fram kemur á vef verkefnisins er beðið svara frá Strandabyggð en farið verði í fjáröflun af fullum krafti um leið og svar berst. Sjálfseignarstofnunin The Nauteyri Project var stofnuð fyrr á árinu með það að markmiði að kaupa jörðina Nauteyri. Þar er síðan ætlunin að koma á laggirnar friðlandi og náttúruverndarsvæði, auk þess sem þar verði starfrækt vistvæn og sjálfbær ferðaþjónusta. Einnig er markmiðið að fræðimenn og rannsakendur sem einbeita sér að náttúruvernd og sjálfbærni, eigi þar athvarf og öruggt skjól.

Á vef verkefnisins kemur fram að markmiðið sé að vernda landið, strandir þess og þær byggðir sem þar eru, fyrir komandi kynslóðir. „Staðsett á fallegu svæði, suður af eina jökli Vestfjarða, með mikið land, náttúrulegt heitt vatn og góðar tengingar, óttumst við að Nauteyri stafi hætta frá margs konar iðnaði. Umdeilt fiskeldi er nú þegar til staðar í firðingum og stóra fiskvinnufyrirtækið sem stendur að baki þess vill stækka það mun meira. Svo ekki sé að minnast á hugmyndir um mögulega olíuhreinsistöð einhvers staðar í fjórðungnum."

Samningur um sorpeyðingu runninn út

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar um sorpeyðingu er fallinn úr gildi. Viðræður hafa staðið yfir milli sveitarfélaganna um framlengingu á samningnum til bráðabirgða, þannig að fyrri afsláttarkjör gildi, þar til niðurstaða er fengin hjá Vesturbyggð á framtíðarskipan sorpmála í sveitarfélaginu.

Samningurinn, sem er frá árinu 2007, rann út í lok árs 2009 en frá þeim tíma hefur Ísafjarðarbær tekið á móti sorpi frá Vesturbyggð til eyðingar á gildandi gjaldskrá Funa eða 33.000 krónur á tonnið. Unnið er að endurskipulagningu á fyrirkomulagi sorpmála hjá Vesturbyggð en sú vinna hefur tafist af ýmsum orsökum.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur tekið erindið fyrir og hefur óskað umsagnar bæjartæknifræðings á málinu. *– thelma@bb.is*

Sú breyting varð gerð var á áætluninni á milli umræðna að Dýrafjarðargöng fengu framlag til undirbúnings upp á 20 milljónir. Myndin er af Dýrafirði.

Dýrafjarðargöng komin aftur inn í samgönguáætlun

Samgönguáætlun áranna 2009-2012 hefur verið samþykkt á Alþingi með þeirri breytingu að veitt hefur verið 20 milljóna króna framlag til undirbúnings Dýrafjarðarganga. Samgöngunefnd Alþingis segir í nefndaráliti sínu: „Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að samtenging byggða á Vestfjörðum væri að mörgu leyti sérstök og að taka yrði tillit til þess við gerð samgönguáætlunar. Nefndin telur að gerð jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar efli samgöngur á milli byggða er nú tengjast saman með malarvegum og verða fyrir verulegum samgöngutruflunum yfir vetrartímann."

Var ákveðið að veita 20 milljóna króna framlag til undirbúnings fyrir göngin. Nefndin lagði til að 5 milljónir af framlagi til undirbúningsverka utan áætlunar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 myndi færast til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012. Einnig var lagt til að 5 milljónir af framlagi til sameiginlegs jarðgangakostnaðar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 færist til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012.

Nefndin vakti athygli á því að vegna bágs efnahagsástands verði ekki hægt að sinna mörgum brýnum samgönguverkefnum eins og þyrfti að gera. „Þannig er ljóst að talsvert vantar upp á að nægt fé sé fyrir hendi til að sinna viðhaldi vega með fullnægjandi hætti. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar nægir áætluð fjárveiting til málaflokksins einungis fyrir um 65% af þeirri lágmarksþörf sem miðað er við til að koma í veg fyrir að gæði núverandi vega rýrni hvað burðarþol þeirra og yfirborð varðar. Bent hefur verið á að skortur á slíku viðhaldi kunni að koma niður á flutningsgetu og umferðaröryggi á vegum landsins," segir í nefndaráliti samgöngunefndar.

Nefndin vakti einnig athygli á því að við gerð 12 ára samgönguáætlunar er brýnt að lögð verði aukin áhersla á viðhald vegakerfisins. Þá telur nefndin rétt að taka fram að það sé ákveðið óréttlæti fólgið í því að þau verkefni í samgöngumálum sem flýtt var í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar árið 2007 og enn er ólokið skuli ekki vera í samgönguáætlun 2009–2012. „Þannig hafa byggðir sem stefnt var að því að viðhalda og styrkja með flýtingu samgönguframkvæmda ekki einungis þurft að taka á sig samdráttinn sem almennt hefur orðið í íslensku efnahags- og atvinnulífi, heldur einnig samdrátt vegna skerðingar aflaheimilda í þorskveiði síðustu ár."

Þingsályktun um samgönguáætlunina var samþykkt með 42 atkvæðum gegn tveimur, sex þingmenn sátu hjá en þrettánvoru ekki viðstaddir atkvæðagreiðslu.

Skuldir, gengi og tryggingar

Stakkur skrifar

Daginn fyrir síðasta þjóðhátíðardag, hinn 16. júní 2010, dæmdi Hæstiréttur í máli einstaklinga gegn fjármögnunarfyrirtækjunum Lýsingu og SP fjármögnun og niðurstaða æðsta dómstóls íslenska ríkisins var skýr. Það er bannað að binda skuldir við gengi erlendra peninga og því voru kröfur þeirra sem vildu ekki una því að skuldir þeirra sem lántakenda hefðu hækkað teknar til greina. Gott og vel og allir sem skulda lán sem eru tengd erlendum myntum eru jú glaðir. Þeir sem lánuðu eru óglaðir, enda hefur þessi niðurstaða vond áhrif á reksturinn. Þeir sem tóku lánin voru ekki neyddir til þess að taka þau. Þeir voru ekki beittir líkamlegri nauðung þegar þeir sóttust eftir lánunum. Þeir hljóta að hafa viljað taka þessi lán, enda voru þau um nokkurn tíma hagstæðari en hin venjubundnu vísitölutryggðu lán sem buðust á Íslandi. Það er svo annað mál að bankar og fjármögnunarfyrirtæki héldu þessum lánum að þeim sem sóttu eftir lánum. Það telst vart nauðung, þótt deila megi um siðferði.

En er nokkuð til sem heitir siðferði í fjármálastofnunum? Það örlar ekki á því enn. Þvert á móti ætlar hinn nýi Íslandsbanki, sem ríkið bjargaði fyrir horn með framlögum úr sameiginlegum peningsjóði íslenskra skattgreiðenda, að gefa æðstu innanbúðarmönnum hins gamla Glitnis eftir skuldir sem þeir undirgengust vegna gróðafíknar sinnar. Lánin voru notuð til þess að kaupa hlutabréf í bankanum á sama tíma og þessir innstu koppar í búri héldu og létu undirsáta sína halda gengistryggðum lánum að sauðsvörtum almúganum, sem vildi líka verða ríkur. Þetta er vond niðurstaða og ekki í þeim anda sem margir héldu að fyrrum fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Friðrik Sophusson, núverandi stjórnarformaður hins endurreista Íslandsbanka, væri vanur að starfa. Hann var alltaf svo vænn ásýndum. En hvað gera menn ekki fyrir fé, sem stundum virðist skipta meiru en fólk.

Fjármálaheimurinn á Íslandi virðist ekkert hafa lært. Í Íslandsbanka situr bankastjóri sem var meðal framámanna Glitnis þegar hann var að sigla í strand og var þar meðal útvalinna þegar bankinn hrundi. Af hverju eiga menn að borga skuldir sínar? Það hefur þótt eðlilegt og siðlegt að greiða það sem maður fær að láni. Þegar lán er tekið er gert ráð fyrir því af hálfu þess sem veitir lánið og þess sem fær það að það verði endurgreitt. Þessi regla gildir ekki um þá sem stóðu fyrir hruninu. Þeir sitja sem fastast og gleyma jafnvel að þeir hafi tekið lán að fjárhæð 600 milljónir, eins og gildir um núverandi bankastjóra Íslandsbanka. Í tilviki hans skiptir engu hvernig lánið var tryggt. Það er afskrifað. Af hverju eru þá fjármálafyrirtæki að rukka venjulega borgara um lánin? Svarið liggur ekki á lausu. En almenningur er krafin um tryggingar fyrir smáskuldum og gengið eftir þeim af hörku. En sértu innanbúðar með alla vitneskjuna er þér sleppt. Þá skipta tryggingar engu, þótt seldar séu íbúðir venjulegs fólks á uppboði. Heldur spillingin bara áfram?

Er það almenningur sem er tryggingin fyrir afskriftum þessa fólks?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til sölu er eitt bátastæði í flotbryggju fyrir neðan Sultartanga. Áhugasamir hafi samband við Albert í síma 897 6793.

Þriggja herbergja 70fm íbúð til leigu í miðbæ Ísafjarðar. 70 þús. á mán. auk hita og rafmagns. 1 mánuður fyrirfram. Laus 1. júlí. Uppl. í síma 867-9365.

Orlofsíbúðir á Akureyri til leigu. Margar stærðir. Allar íbúðirnar eru við eða í miðbænum. Uppl. verð og myndir á heimasíðunni www.gistingakureyri.is eða í síma 896 3256.

Óska eftir leigja herbergi með aðgangi að eldunaraðstöðu og salerni. Uppl. í síma 846 4443 Davíð / 691 2645 Laufey.

Drekktu síma ferðamanns

Ferðamaður sem setti farsímann sinn í hleðslu á tjaldsvæðinu í Tungudal á Ísafirði varð fyrir heldur óskemmtilegri reynslu þegar hann tók augun af símanum í skamma stund. Ungir drengir léku sér að því að láta vatn renna í vask og setja símann ofan í. Síminn er ónýtur.

kristjan@bb.is

Fjölbreytt starfsemi tengd melrakkanum

Melrakkasetur Íslands var opnað í Súðavík þann 12. júní. Hugmyndin kom upphaflega fram á ráðstefnu um ferðamál á Ísafirði árið 2005. Þar var sett fram sú hugmynd að Vestfirðingar ættu að helga sér tófuna og gera hana að einkennisdýri sínu og nota hana sem auðlind í ferðamennsku og stofna um hana setur. Melrakkasetur Íslands var síðan stofnað 15. september árið 2007. Ester Rut Unnsteinsdóttir er framkvæmdastjóri Melrakkasetursins og við spurðum hana um verkefnið.

„Ég var alltaf með það í maganum hvort ég ætti að gera þetta. Ég var alltaf að vona að einhver annar myndi gera það. Ég fór síðan fljótlega á stúfana til að reyna finna einhvern stað fyrir setrið og athuga hvort það væri einhver grundvöllur fyrir þessu, því þetta fékk mikinn hljómgrunn meðal fólks og sveitarstjórna. Ég hitti nokkra sveitarstjóra sem vildu hafa þetta í sínum bæ. Síðan var mér sagt fyrir tilviljun frá Eyrardalsbænum í Súðavík, sem væri gamalt hús í niðurníðslu og það væru hugmyndir um að gera það upp en það vantaði hlutverk. Ég fór og skoðaði það sumarið 2006 og heillaðist af staðnum og þessu húsi.

Sveitarfélagið ákveður síðan að leggja allt í að endurbyggja það, þá var það algjörlega óunnið verk. Það er búið að standa yfir síðan og við erum eiginlega ennþá að skrúfa það saman. Þetta er búið að taka langan tíma og það er Magnús Alfreðsson smiður á Ísafirði sem er byggingastjóri hússins. Sveitarfélagið hefur síðan séð um að endurbyggja það og afhenda það okkur svo undir setrið.“

Upphaflega átti bara að vera sýning um refinn í Melrakkasetri Íslands en nú er húsið orðið þrískipt og starfsemin orðin fjölbreyttari.

„Þarna er sýning um refinn og refaveiðar, síðan er kaffihús, bæði innan- og utandyra. Þá er líka fjölnota loft en þar verður leiksýning einu sinni í viku í sumar. Þar verður leikritið Melrakkinn í flutningi Elfars Loga Hannessonar sýnt á hverjum fimmtudegi. Svo er líka hægt að nota þetta pláss undir litla vinnufundi, fyrirlestra og þess háttar.“

– Hver er tilgangurinn með setrinu?

„Við erum þegar búin að taka þátt í nokkrum mikilvægum verkefnum sem eru komin í gang. Helsti samstarfsaðili okkar er Náttúrustofa Vestfjarða en hún hefur kannað refi á Hornströndum í nokkurn tíma. Við erum líka í verkefni sem kallast The Wild North. Því er skipt í klasa eftir landsvæðum og löndum og við á Vestfjarðarkjálkanum köllum okkur „Villt dýr að féþúfu“, það eru einkum Náttúrustofa Vestfjarða, fræðasetur Háskóla Íslands, Borea Adventures og Vesturferðir og við.

Við erum í rauninni að þróa dýralífsferðamennsku þar sem við sýnum villt dýr á sjálfbæran hátt. Þá erum við líka að rannsaka dýrin og finna staði þar sem mikið er um þau og athuga áhuga hjá fólki og annað. Haldin er ráðstefna einu sinni á ári á vegum Wild North. Hún verður haldin hérna fyrir vestan næsta haust, það fylgja því mörg námskeið og hér munu koma stórar kanónur í þessari tegund ferðamennsku.“

– Hvað var það erfiðasta við að koma upp Melrakkasetri Íslands?

„Það sem er kannski búið að vera erfiðast við þetta er tíminn, hann er bæði of langur og of stuttur. Það tekur langan tíma að byggja upp gamalt hús og reglur húsafriðunarnefndar eru strangar og þá tekur allt lengri tíma. Þetta þarf að vera vel gert og það þarf að endurvinna gamla viðinn og þetta er mikið seinlegra en að byggja nýtt hús. Við þurftum þann tíma til að koma húsinu upp og auðvitað fjármagna verkefnið. Sveitarfélagið lenti náttúrlega í kreppu eins og aðrir þannig að það varð smá pása sem varð til þess að þegar farið var á stað aftur var stuttur tími til stefnu. Við höfðum sett okkur áætlun haustið 2007 þegar við stofnuðum fyrirtækið og sú áætlun var að opna í júní 2010. Það er sá punktur sem við höfum haldið okkur við.

Við gerum okkur samt grein fyrir því að það er mikið eftir en það er ekki óeðlilegt að gera svona hluti í áföngum og þetta kostar mikið. Það er samt meira að maður er hissa á hvað þetta hefur fengið jákvæðar viðtökur. Fyrst og fremst það að fólk skuli vera tilbúið að leggja til hlutafé í verkefnið í upphafi og þá höfum við fengið alveg ótrúlegan meðbyr hjá heimamönnum og fólki alls staðar að.“

– Og allt búið að vera á fullu síðustu vikur?

„Já, og við höfum verið mjög heppin með að fá sjálfboðaliða. Bæði fólk til að vinna í húsinuog að sinna rannsóknum með okkur. Rannsóknir á svona dýrum eru tímafrekar og dýrar. Svo höfum við verið í því að kryfja refi á Vestfjörðum. Sveitarfélögin á svæðinu borga talsvert háar fjárhæðir fyrir að losa sig við refi á óæskilegum stöðum og við erum að bjóða þeim að fá einhverjar upplýsingar fyrir það sem þau eru að borga fyrir.“

– Hvað koma margir að setrinu í sumar?

„Það verða fimm starfsmenn hérna í sumar. Hér hefur verið fólk í sýningarhönnun auk fjölda verktaka í mörgum verkum. Heimamenn hafa verið duglegir að smíða fyrir okkur og smíðuðu t.d. afgreiðsluborðið í setrinu. Það eru mjög margir sem hafa hjálpað til við að láta þetta verða að veruleika. Sumarið leggst vel í mig og við erum búin að bíða eftir þessu lengi.“

Sýning Melrakkaseturs Íslands í Súðavík verður opin frá klukkan tíu til sex alla daga í sumar og frá klukkan tólf til fimm í vetur.

Þórður ásamt hundinum sínum Úlfi. Myndin er tekin á Kambsnesinu gegnt Súðavík.

Fer ekki út án myndavélarinnar

Áhugaljósmyndarinn Þórður Sigurðsson hefur verið búsettur í Súðavík síðustu fjögur ár en hann er ættaður úr Hafnarfirði. Að undanförnu hefur hann getið sér gott orð fyrir landslagsmyndir sínar. Þórður fer ekki hefðbundnar leiðir í ljósmyndun og hefur t.d. innréttað stúdíó með heimasmíðuðum græjum. Bæjarins besta sló á þráðinn til áhugaljósmyndarans í Súðavík sem fer aldrei út fyrir hússins dyr án myndavélar.

– Hvernig byrjaðir þú í ljósmyndun?

„Þetta byrjaði nú bara í skólum forðum daga, þá fór maður í ljósmyndaklúbba. Maður var farinn að framkalla tólf ára gamall og kominn með framköllunarstofu undir tröppunum. Ég hef verið svolítið skrýtinn í þessu alla tíð. Ég hef alltaf notað græjur sem enginn annar notar og er ennþá að því í dag. Þetta hefur bara þróast í gegnum tíðina, það er ekki langt síðan ég fór yfir í stafrænar vélar og er líka kominn með skrýtnar vélar þar. Nú hef ég komið upp stúdíói hér fyrir vestan þrátt fyrir að hafa alltaf verið eingöngu í landslagsmyndum. Maður er búinn að vera í því svo lengi að nú er maður að prófa ljósmyndun í stúdíói, kynnast ljósinu frá annarri hlið og svo-

Þórður Sigurðsson.

leiðis. Þetta er ókannaður viskubrunnur fyrir mér og maður er alltaf að kynnast einhverju nýju. Það er það skemmtilegasta við þetta, þú veist aldrei allt. Eftir því sem þú veist meira, þá veistu hvað þú veist lítið.“

– Hvað meinar þú með öðruvísi og skrýtnar græjur?

„Ég er alltaf með einhverjar vélar sem enginn notar. Þegar ég var með filmuvélar þurfti ég alltaf að velja rússneskt. Í dag nota ég Sigma, stafræna vél, og ég veit ekki nema ég sé sá eini á landinu sem er að nota svoleiðis vél í dag. Þetta eru skrýtnar vélar. Hún tekur eins og gömlu filmuvélarnar, svo sem í þremur litalögum. Það er mikið öðruvísi.“

– Og þú ert hrifnari af því?

„Já, aðallega litunum. Ég er búinn að prófa að vera með Canon og allt þetta. Þær hafa að vísu mikið fram yfir, þessar tískuvélar. T.d. er Sigma bara 3,4 megapixel en hún er það í hverjum lit. Síðan raðast litirnir saman og það eykst.“

– Hvað finnst þér skemmtilegast að mynda?

„Ég fer ekki út fyrir hússins dyr án þess að vera með myndavélina. Mér finnst skemmtilegast að taka náttúrumyndir, en þetta hefur breyst með árunum og maður var alltaf að mynda hérna áður fyrr til þess að fá hrós fyrir flottar myndir. Núna er þetta farið að snúast meira út í það sem augað sér. Ég er ekki hrifinn af mikilli myndvinnslu. Ég mynda mikið fyrir sjálfan mig, það sem mig langar að eiga. Þær myndir virðast jafnvel vekja meiri hrifningu í staðinn fyrir öll þessi listaverk.“

– Þannig þú vinnur myndirnar lítið?

„Sem minnst. Ég tek rykkorn og annað út og laga aðeins lýsinguna en annars reyni ég að vinna þær sem minnst. Þessar vélar bjóða upp á mikið þar sem maður getur stjórnað litunum mjög vel, það er bara eins og í gömlu vélunum.“

– Og nú ert kominn í það að taka myndir af fólki í stúdíói?

„Það er ekki nema ár síðan að ég byrjaði á því og er mikið í því að kynnast öllu þar. Ljósunum

frá öðrum sjónarhornum og svoleiðis. Ég er að prófa mig áfram með því að fá fólk í myndatökur og það fær myndir í staðinn. Ég fæ að gera miklar tilraunir.“

Býr yfir sérstöku stúdíói

Allar græjur og tól í stúdíóinu hans Þórðar er heimatilbúið, hann reynir að útbúa sem mest sjálfur.

„Ég útbý ljósin með eldgömlum flössum. Bý til regnhlífar, fjarstýringar, tengingar og bakgrunna sjálfur. Svo nota ég líka gömlu ál-neyðarpokana og hef búið til margar regnhlífar úr því til að spegla. Svo er maður byrjaður á því að fara með eitthvað af græjunum út og byrja að mynda þar með ljósum.“

– Þannig að þú fylgir ekki öllum öðrum í þessu?

„Nei, ég gerði það á tímabili, fór í Canon og Nikon, en það er algjör tíska á Íslandi. Ég fékk svo að prufa eldri Sigma vél. Það var alveg út úr kortinu fyrst en svo fór maður að hugsa, skilja og prufa og fór bara eingöngu út í það. Allar græjur, flöss og linsur. Það eru margir sem nota Sigma linsur en þær eru mjög vinsælar á Canon og Nikon vélar en það eru Sigma myndavélar ekki. Þetta er voðalegur hlunkur. Sigma hafa verið dálítið eftir í myndavélunum vegna þess að þeir halda sig við það að taka myndir í þremur litalögum, líkt og filman gerir, og þá hefur þetta afmarkast.“

– Hvað gerirðu síðan við myndirnar? Fer þetta allt á internetið?

„Nei, það er ein og ein sem ég set á netið. Það eru margar myndir sem ég er að velta fram og til baka. Þó svo ég sé kominn í stafrænar myndavélar er ég mikið að mynda eins og ég sé að mynda á filmu. Ég er svo gamaldags, ég get legið niðri í fjöru í fjóra tíma og það kemur kannski ein til tvær myndir út úr því. Maður stendur á haus og skoðar stráin og hvað sem er. Ég er kominn mikið út í þetta fyrir sjálfan mig, að reyna að skilja eitthvað.“

– Og á ekkert að fara að sýna verkin?

„Það er stefnt á sýningu. Við Una Sigurðardóttir, sem er að útskrifast sem ljósmyndari, ætlum að byrja með sýningu hérna í Súðavík sennilega í júní. Þar verða um fjörutíu myndir sem verða allar prentaðar á striga og sýningin mun heita Hugmyndir á striga. Svo erum við jafnvel að spá í að fara á Ísafjörð, en hvar það verður er óvíst. Það verður gaman að sjá hvernig þessar myndir kom út á striga. Sumar myndir koma vel út á striga en aðrar eiga það til að gera það ekki.“

Þórður hefur mikið verið að mynda dýr og börn í stúdíóinu sínu í Súðavík.

„Það er æðislega gaman að mynda börn og dýr. Svipurinn á þeim lýgur ekki. Maður nær vanalega ekki þessum svipbrigðum út úr fullorðnu fólki nema það viti ekki af manni.“

– Hefur þú fundið fyrir mikilli athygli?

„Nei, ég hef ekkert auglýst mig, ég má ekki auglýsa mig og taka fyrir það því ég er ekki lærður ljósmyndari.“

– En eru ekki allir komnir með myndavél í hendurnar á Íslandi?

„Jú, það er bara þannig og ég skil atvinnuljósmyndarana mjög vel að mörgu leyti, að það megi ekki hver sem er fara að auglýsa sig og taka myndir og taka gjald fyrir. Reyndar er þetta bara svoleiðis hérna á Íslandi en hvergi annars staðar. Ég skil þetta vel enda myndi ég aldrei fara að keppa við atvinnuljósmyndara sem eru með stofu eða álíka. Ég hef verið einkaþjálfari í mörg ár og er lærður í því, með mikið nám að baki. Það hefur eyðilagt þessa þjálfun að nú fara bara allir á helgarnámskeið og fá réttindi sem einkaþjálfarar. Nú eru allir einkaþjálfarar.“

– Fer mikill tími í þetta hjá þér?

„Já, alltof mikill. Þegar við keyrum suður, þá vill frúin pakka, því þá getur hún sett myndavélina neðst. Annars erum við fjórtán tíma á leiðinni, ég þarf að mynda allt og alla. Það fer eiginlega of mikill tími í þetta. Ég tek mér samt pásur, sumar vikur finnst mér bara allar myndir sem ég tek ljótar, það er misjafnt formið á manni, og svo byrjar maður alltaf aftur.“

– Áttu þér uppáhaldsmynd?

„Uppáhaldsmyndirnar mínar vekja sennilega ekki eftirtekt því þær eru svo skrýtnar. Maður er að reyna kalla fram einhver hughrif sem maður sér finnur stundum og reynir að láta það sjást.“

Hægt er að skoða myndirnar hans Þórðar Sigurðssonar á kristalmynd.webs.com.

– kristjan@bb.is



Hýsum „gersemar heimsins“

Látum verkin tala – eflum Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að stórefla starfsemi sína með því að setja á laggirnar alþjóðlega tungumálamiðstöð þar sem leikir og lærðir geta fræðst á lifandi og skapandi hátt um erlend tungumál og skyggnst inn í ólíka menningarheima. Til að skapa þessu tímamótaverkefni viðeigandi ramma er í undirbúningi að reisa hús fyrir alla starfsemi stofnunarinnar, m.a. rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum. Vigdísi Finnbogadóttur er þetta verkefni afar hugleikið og hún hefur sjálf lagt mikið af mörkum við undirbúning þess.

Vigdís hefur ætíð talað einarðlega fyrir mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarþekkingar. Við viljum taka undir orð hennar um leið og við heiðrum mikilvægt framlag hennar til tungumála.

Í tilefni af stórafmæli Vigdísar og því að 30 ár eru liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar hafa margir orðið til að leggja byggingarverkefninu lið og er vonast til að takast megi að fullfjármagna það á þessu afmælisári. Fram til 29. júní stendur yfir þjóðarátak, þar sem öllum – einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum – gefst tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Sýnum hug okkar í verki

Göngum til liðs við Vigdísi svo þetta metnaðarfulla verkefni megi verða að veruleika.

Styrktarsímanúmer:

903 1030	**1.000 kr.**
903 3030	**3.000 kr.**
903 5030	**5.000 kr.**

Hægt er að greiða með greiðslukorti á vigdis.hi.is eða leggja inn á reikningsnúmer byggingarsjóðs: 0137-26-000476, kt. 600169-2039. Tilgreina þarf í skýringu: 137567.

Nánari upplýsingar um verkefnið og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur eru á **www.vigdis.hi.is**

Bandalag háskólamanna – Bandalag íslenskra listamanna – Barnaheill – Blindrafélagið – Exedera – Ferðamálastofa – Félag heyrnarlausra
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga – Félag kvenna í atvinnurekstri – Félag leiðsögumanna – Edda öndvegissetur – Kennarasamband Íslands
Krabbameinsfélag Íslands – Kvenfélagasamband Íslands – Kvenréttindafélag Íslands – Landvernd ríkisins – Leikfélag Reykjavíkur – Móðurmál
Rótarý á Íslandi – Samhjálp kvenna – Samtök atvinnulífsins – Samtök kvenna af erlendum uppruna – Skógræktarfélag Íslands
Skotturnar, kvennafrí – STÍL, samtök tungumálakennara – Útflutningsráð Íslands – Verkfræðingafélag Íslands – Yrkja – Zontasamband Íslands.